

Nd.

655. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um breytingar á framfærslulögum, nr. 135 frá 31. des. 1935.

Flutningsm.: Pétur Ottesen.

1. Við 31. gr.

Síðari málsgr. falli burt.

2. Við ákvæði til bráðabirgða.

Á eftir I. bætist nýr (rómv.) liður, og breytist liðatalan skv. því:

Ráðherra getur heimilað sveitarstjórn að leggja hömlur á rétt manna til að setjast að í sveitarfélagi. Þar, sem heimild þessari hefir verið beitt, skal öllum óheimilt að setjast að, nema sveitarstjórn hafi orðið við umsókn þeirra um það. Þeir, er sveitarstjórn synjar um leyfi til að setjast þar að, geta þó skotið synjuninni til þriggja manna nefndar, sem þrír stærstu þingflokkar tilnefna, og hefir hún þá fullnaðarúrskurðarvald um, hvort leyfi skuli veitt eða ekki.

Nú tekur maður sér heimildarlaust aðsetur í sveitarfélagi, er ákvæði fyrri málsgr. gilda um, og heldur hann þá þeirri framfærslusveit, er hann áður átti, en öðlast ekki framfærslurétt í þeirri sveit, er hann sezt að í, enda er heimilt að flytja hann með lögregluvaldi á vegum framfærslusveitar hans.

Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd þessara ákvæða, m. a. um tilkynningar um búferlaskipti, umsóknir um leyfi til að setjast að, fresti til úrskurðunar þeirra, málskot, viðurlög gegn þeim, er stuðla að ólög-mætum flutningum, og annað, er nauðsynlegt er til að ákvæðin komi að gagni. Í reglugerð skal heimilt að undanþiggja þá, er flytja vilja á vegu framfærslu-skyldra vandamanna sinna, sem þess eru umkomnir að framfæra þá.

Ákvæði greinar þessarar taka ekki til starfsmanna ríkisins.

Fyrirmæli þessi gilda til ársloka 1942.